

# Komið vor

Gefið af Otkell Skarfsson  
fimmtudagur, 27 maí 2010

Alparós með son sinn og Mídasar 2 daga gamlan

Það er komið vor í Kirkjubæ, einstaklega hlýtt og gott veður alla daga og allur gróður að taka við sér. Fyrstu folöldin eru komin. Dreyrrauður hestur kom fyrstur, fallegur foli undan Mídasí frá Kaldbak og Alparós frá Kirkjubæ. Í gær kom síðan folald númer 2, rauðblesótt hryssa undan Hróðri frá Refsstöðum og Dögg frá Kirkjubæ, sjá mynd hér neðar.

Nýfædd hryssa undan Dögg og Hróðri - svaka flott blesa!